

Fundargerð 66. ársþings HSS



Haldið á Sævangi
Þriðjudaginn 30. apríl 2013

66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl 2013 kl. 19:30. Tuttugu og þrjár fulltrúar frá sjö aðildarfélögum sóttu þingið; Umf. Geisla, Umf. Neista, Umf. Leifi heppna, Umf. Hvöt, Skíðafélagi Strandamanna, Golfklúbbi Hólmavíkur og Umf. Hörpu. Ekki mættu fulltrúar frá Sundfélaginu Gretti. Auk fulltrúa frá félögum sátu tveir gestir frá UMFÍ og ÍSÍ fundinn. Arnar S. Jónsson fráfarandi framkvæmdastjóri sambandsins boðaði forföll.

1. Þingsetning

Formaður HSS, Vignir Örn Pálsson setti fundinn og bauð þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna. Gestir þingsins voru Gunnlaugur Júlíusson frá ÍSÍ og Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ.

2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra og tveggja fundarritara

Vignir tilnefndi Óskar Torfason sem fundarstjóra og Rósmundur Númason sem varafundarstjóra. *Samþykkt samhljóða.*

Þá gerði formaður tillögu um Hrafnhildi Þorsteinsdóttur og Aðalbjörgu Óskarsdóttur sem fundarritara. *Samþykkt samhljóða.*

3. Skipun kjörbréfanefndar

Óskar Torfason tók við fundarstjórn og þakkaði fyrir traustið. Hann lagði fram tillögu um að Jóhann Lárus Jónsson, Birna Richardsdóttir og Margrét Ólöf Bjarnadóttir skipuðu kjörbréfanefnd. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Vignir Örn Pálsson formaður las skýrslu stjórnar og fór í grófum dráttum yfir starf sambandsins síðastliðið starfsár. Stjórn HSS var þannig skipuð sl. starfsár: Formaður Vignir Örn Pálsson, varaformaður Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Þorsteinn Newton, ritari Aðalbjörg Óskarsdóttir og meðstjórnandi Rósmundur Númason.

Mótshald var öflugt á árinu. Nokkrir félagar í HSS kepptu á 2. Landsmóti 50 ára og eldri í Mosfellsbæ og kepptu í golfi, frjálsum íþróttum og bridge.

Héraðsmót HSS í frjálsum íþróttum fór fram í júlí s.l. á Sævangsvelli. Barnamót HSS í frjálsum fór fram í ágúst á félagssvæði Umf. Hörpu á Kollsársvelli. Krakkar mættu til keppni frá 4 félögum.

Pollamóti HSS 14 ára og yngri í fótbolta var haldið á Hólmavík í tengslum við Hamingjudagana.

24 krakkar fóru til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Kepptu þau í fótbolta, körfubolta, frjálsum og mótorkrossi. HSS sendi sameiginleg lið með USVH eins og undanfarin ár. Þannig gátu okkar krakkar myndað lið með Húnvetningum í sínum aldursflokki. Það var mikill áhugi hjá foreldum að fylgja börnum sínum á mótið, þannig skapaðist góð fjölskyldustemming í hópnum. Vignir þakkaði öllum þeim sem fóru á Unglingalandsmótið fyrir ánægjulega daga á Selfossi.

HSS hélt fótboltamót á Hólmavík fyrir 6 – 14 ára krakka í desember og komu krakkar frá Hvammstanga, Dölum og Reykhólasveit á mótið.

Héraðsmót í skíðagöngu var haldið inni í Selárdal í vetur í samvinnu við Skíðafélag strandamanna.

Badmintonmót var haldið á Hólmavík í vetur. Borðtennismót var haldið á Hólmavík um páskana. Héraðsmót í Bridge verður haldið í Félagsheimilinu í Árnesi 1. maí n.k. í samvinnu við Bridgefélag Hólmavíkur og félaga í Umf. Leifi heppna í Árneshrepp.

Nokkrir félagar af félagssvæði HSS tóku þátt í sundmóti á Reykhólum á haustdögum.

HSS er aðili að svokölluðu SamVest samstarfi, er það samstarf héraðssambanda og ungmennasambanda á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum um sameiginlegar frjálisíþróttæfingar í Laugardalshöllinni og víðar.

Tómstundafulltrúi Strandabyggðar hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra HSS eins og s.l. ár í framhaldi af þeim samstarfssamningi sem gerður var þann 1. apríl 2011, sá samningur rann út 1. apríl 2012. Arnar Jónsson var tómstundafulltrúi Strandabyggðar s.l. ár og hefur hann séð um heimsíðu HSS og borið hitann og þungan af allri vinnu er varðar birtingu á úrslitum og auglýsingum í tengslum við mótahald og hinn ýmsu samskipti við ÍSÍ, UMFÍ og aðildarfélög HSS. Arnar er nú hættur í starfi tómstundafulltrúa. Stjórn HSS þakkar Arnar kærlega fyrir samstarfið þann tíma sem hann hefur verið framkvæmdastjóri HSS. Samstarfssamningur HSS hefur ekki verið endurnýjaður enn þrátt fyrir að viðræðum um slíkt hafi staðið yfir milli stjórnar HSS og sveitarstjóra og fulltrúum sveitarstjórnar. Vignir tók fram að það virðist aðallega vera framtaksleysi og slóðaskapur af hálfu aðila sveitarfélagsins um að kenna.

HSS fékk styrk úr verkefnasjóði UMFÍ vegna vinnu við samantekt á afrekaskrá HSS í frjálsum. Sú vinna er því miður lítið komin af stað en nauðsynlegt að koma þeirri vinnu í farsælan farveg sem fyrst.

Formaður fór á sambandsráðsfund UMFÍ á Kirkjubæjarklausti í október. HSS hélt haustfund á Drangnesi, þar var farið yfir starfið í sumar og rætt um vetrarstarfið og fleiri mál. Fundarmenn nutu glæsilegra veitinga hjá starfsfólki Malarkaffis.

Að endingu þakkaði Vignir öllum sem höfðu starfað með honum í stjórn HSS sem og Húnvetningum fyrir ánægulegt samstarf á Unglingalandsmótinu á Selfossi. Einnig þakkaði

hann öllum sem styrkt hafa sambandið á árinu með einhverjum hætti, Kaldrananeshrepp og fyrirtækjum. Vignir tók fram að það væri umhugsunarefni að einungis hafi borist styrkur frá einu sveitarfélagi í starf sambandsins á árinu 2012. Þannig að fjárhagsstaða sambandsins er ekki sterk þó niðurstaða rekstarreiknings sé réttu megin við núllið. Reksturinn meggi ekki við neinu þar sem staðan er mjög tæp.

5. Ársreikningar

Þorsteinn Newton gjaldkeri stjórnar HSS lagði fram endursóðaða reikninga ársins 2012. Þorsteinn fór yfir reikninga og útskýrði einstaka töluliði.

Helstu upphæðir ársreiknings 2012:

- Skuld og eigið fé kr. 4.338.277.-
- Eigið fé og eignir er kr. 3.001.838.-

Tekjur hafa minnkað milli ára, aðallega út af styrkjum sem voru minni en árið áður. Helstu tekjur má m.a. rekja til fótboldamóts sem haldið var sl. vetur. Vantar tekjur frá sveitafélögum eins og fengist hefur undanfarin ár.

Ekki búið að ganga frá samningi við Strandabyggð um framkvæmdastjórstöðu. Ekki hefur borist reikningur frá Strandabyggð fyrir hlut HSS í framkvæmdastjórstarfinu fyrir árið 2012 og eiga 500 þúsund krónur því eftir að koma inn í gjaldaliðinn.

Þátttaka í mótum var svipaður og verið hefur og var unglíngalandsmótið stærsti þátturinn. Þátttaka í fræðslu var svipað og áður. Viðskiptaskuldir voru Lottógreiðslur sem átti eftir að greiða út til félaganna.

Þorsteinn tók fram að ánægjulegt væri að Lottótekjur hafi aukist á milli ára. Aðrir styrkir voru þó minni og stjórn óánægð að hafa ekki fengið styrki frá nokkrum sveitarfélaganna eins og undanfarin ár. Aukastyrkveitingar frá ÍSÍ og UMFÍ voru sérstaklega ánægjulegar. Félagsgjöld hafa aukist örlítið á milli ára. Aukning var í Lottótekjum til allra aðildafélaga, nema Umf. Hörpu.

Viðskiptakröfur í ársreikningi voru skuld gagnvart Kormáki sem búið er að greiða núna.

Þorsteinn lýsti yfir þungum áhyggjum sínum af knappri fjárhagsstöðu sambandsins í lokaorðum sínum.

Kjörbréfanefnd kom nú fram eftir að hafa lokið störfum. Jóhann L. Jónsson formaður kjörbréfanefndar skilar álitum fyrir hönd nefndarinnar. Tvær athugasemdir gerðar; varðandi Gunnar Daðason sem er ekki skráður félagi í Umf. Geisla. Jafnframt er Hilmar Hermannsson ekki skráður í Umf. Neista, að líkindum er þarna um að ræða villu í kerfinu í Felix. Óskar Torfason fundarstjóri lagði til að þingið samþykkti atkvæðarétt þeirra. *Samþykkt samhljóða.*

Framkvæmt var nafnakall aðildafélaga: Skíðafélag Strandamanna 3 fulltrúar. Leifur Heppni 2 fulltrúar. Golfklúbbur Hólmavíkur 2 fulltrúar. Geislinn 8 fulltrúar. Umf. Neistinn 6 fulltrúar. Umf. Hvöt 1 fulltrúi. Fulltrúi Umf. Hörpu kemur seinna inn á þingið.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Vignir Örn Pálsson las skýrslu framkvæmdastjóra fyrir hönd Arnars S. Jónssonar fráfarandi framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri HSS starfaði í 10% stöðu skv. samningi milli Héraðssambands Strandamanna og sveitarfélagsins Strandabyggðar árið 2012, en staðan er hluti af starfi tólmstundafulltrúa Strandabyggðar sem starfar í 70% stöðu á ársgrundvelli.

Heilt yfir tekið má segja að starfið árið 2012 hafi gengið vel. Að mati framkvæmdastjóra er heils árs starfið að koma vel út, en tíminn til ráðstöfunar (16 klst. á mánuði) er fjarri því að vera nægur til að sinna málefnum HSS eins og þyrfti að gera.

Framkvæmdastjóri hafði aðsetur sitt á skrifstofu í Þróunarsetrinu að Höfðagötu 3 á Hólmavík. Hann tók við öllum erindum og bréfum sem bárust til sambandsins og kom þeim á framfæri eins og þörf er á. Framkvæmdastjóri sat alla stjórnarfundir sem haldnir voru á síðasta starfsári, ritaði fundargerðir stjórnar og hélt utan um dagskrá þegar þörf var á. Samstarf við stjórn HSS hefur verið mjög gott. Auk stjórnarfundanna voru haldnir óteljandi óformlegir fundir með Vigni Pálssyni formanni sem hefur verið duglegur að halda framkvæmdastjóranum við efnið.

Meðal verkefna framkvæmdastjóra á árinu var undirbúningur, skipulagning og framkvæmd móta, fundarhöld, margvísleg samskipti og aðstoð við aðildarfélög HSS, samskipti varðandi ýmis verkefni tengd íþróttahreyfingunni, aðkoma að forvarnardegi, skráning úrslita úr mótum og upplýsingagjöf í gegnum vefsíðu og tölvupóst – svo fátt eitt sé nefnt.

Eitt mikilvægasta verkefni framkvæmdastjóra var miðlun fréttar og upplýsinga á heimasíðu sambandsins á slóðinni hss.123.is. Vefsíðan var lagfærð árið 2011 og hélt útliti sínu árið 2012. Leitast var við að bæta við innihaldi, t.d. voru öll getraunanúmer aðildarfélaga sett á síðuna og fleira. Fréttaflutningur og upplýsingamiðlun frá HSS er mjög mikilvægur þáttur í starfi sambandsins sem þarf að vera sýnilegt til að vekja upp áhuga á starfi félaganna. Því miður hafa aðildarfélög sambandsins alls ekki verið nógu dugleg að senda inn stuttar tilbúnar fréttir, myndir og fleira, til að setja inn á síðuna.

Fésbókarsíða HSS var mikið notuð á árinu og hún er mikilvægur þáttur til að vekja athygli á starfseminni. Síðunni var breytt úr vinasíðu í „læk“síðu á árinu til að falla að notendaskilmálum Facebook. Þegar þessi orð eru skrifuð á HSS 735 „lækara“ sem er býsna gott fyrir ekki stærra samband.

Ekki var gefið út fréttabréf á árinu. Aðalástæðan er sú hversu tímafrekt það er að gera fréttabréf, stilla því upp, rita fréttir, fjölfalda o.s.frv. Mánaðarlegur vinnuskammtur (16 tímar) framkvæmdastjóra er fljótur að fara allur í slíkt verkefni.

Framkvæmdastjóri aðstoðaði þrjú aðildarfélög á árinu við styrkumsóknir í sérstaka sjóði eða til sveitarfélaga. Samskipti við aðildarfélögin fóru aðallega fram í gegnum tölvupóst til formanna aðildarfélaganna. Félögunum eru sendar margvíslegar upplýsingar í tölvupósti, alls konar kynningarefni um námskeið, ráðstefnur, mótshald á vegum sambandsins og ábendingar um tækifæri til að sækja um styrki, t.d. í Íþróttasjóð, fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ, Æskulýðssjóð og sérsjóð HSS svo fáeinir séu nefndir. Í mörgum tilfellum voru þessar póstar einnig sendir á stjórn HSS.

Eins og árið 2011 voru frekar lítil viðbrögð hafi verið við þessum sendingum. Margir forsvarsmenn aðildarfélaga sem framkvæmdastjóri hefur rætt við virðast ekki vera nægilega meðvitaðir um að möguleiki sé að sækja um fjármagn í hina ýmsu sjóði eða gefa sér að það þýði ekkert að senda inn umsóknir. Aðildarfélög sem skortir fjármagn hafa látið auglýsingar um styrki fljóta fram hjá sér og það er alls ekki nógu gott. Fjármunirnir eru þarna og það þarf að hafa aðeins fyrir því að ná í þá. Framkvæmdastjóra er kunnugt um að a.m.k. tvö félög sem hann aðstoðaði við styrkumsóknagerð hafi fengið fjármagn upp úr því. Það er gott en betur má ef duga skal.

Framkvæmdastjóri aðstoðaði aðildarfélög við nokkur önnur verkefni. Hann útbjó nýja heimasíðu fyrir Skíðafélag Strandamanna og Strandagönguna. Þá útbjó hann veggspjald fyrir Strandagönguna 2013 og auglýsti hana á netinu eins vel og mögulegt var. Auk þess tók hann að sér nokkur smærri verkefni fyrir önnur félög.

Framkvæmdastjóri sá um móttöku skráninga á Barnamót HSS í ágúst, Boltamót HSS og Hólmadrangs í nóvember og badmintonmót í mars. Hann var ekki á vettvangi á þessum mótum nema á Barnamótinu. Einnig sá framkvæmdastjóri um að koma á Göngudegi fjölskyldunnar sem hann átti frumkvæði að koma á í nefndarvinnu á ársþingi HSS 2012. Félögin sáu þar um alla framkvæmd og dagurinn tókst afar vel.

Framkvæmdastjóri er í sumarfrí allan júlí og fyrri part ágúst og það þýddi að hann tók engan þátt í utanumhaldi vegna Héraðsmóts í frjálsum og ferðar á Unglingalandsmót. Áður en hann fór í sumarfrí var Landsmótsnefnd og Frjálsíþróttaráð virkjað til að halda utan um þessa viðburði. Frjálsíþróttaráð sá um framkvæmd héraðsmóts með miklum sóma og Landsmótsnefnd hélt opinn fund um ferðalagið á Selfoss skömmu áður en farið var í ferðina.

Þá sá framkvæmdastjóri um samskipti við UMFÍ vegna verkefnisins Fjölskyldan á fjallið, en Reykjaneshyrna var fjall verkefnisins að þessu sinni. Landeigendur gerðu athugasemdir við að ekki hefði verið haft samband við þá til að fá leyfi fyrir verkefninu, þ.e. að setja upp gestabók á fjallinu. Það verður að hafa í huga á komandi árum að hafa slíkt á hreinu.

Framkvæmdastjóri sagði starfi sínu sem tómsfundafulltrúi Strandabyggðar lausu í ársbyrjun 2013 og lauk störfum þann 19. apríl. Samhliða því lauk hann störfum sem framkvæmdastjóri HSS, en vann þó áfram í sjálfboðavinnu að nokkrum verkefnum fyrir sambandið. Reikna má með að nýr tómsfundafulltrúi gangi inn í öll þau störf sem framkvæmdastjóri hefur sinnt hingað til.

Styrkur fékkst frá UMFÍ til að hefja skráningu á héraðsmetum í frjálsum íþróttum. Mikilvægt er að sú vinna hefjist sem fyrst. Það er hvatning fyrir unga íþróttamenn nútímans að miða afrek sín við afrek fyrri tíma auk þess sem það er nauðsynlegt fyrir sambandið að búa að slíkum gagnabanka um sögu sína.

Lög sambandsins voru endurskoðuð af UMFÍ og nokkrar athugasemdir bárust þar um. Laganefnd sem kjörin var á ársþingi 2012 hafði ekki ráðrúm til að taka lög in til umfjöllunar, en það er brýnt að það verði gert á nýju ári. Um leið þyrfti að fara yfir allar reglugerðir og miðla þessu öllu á netinu.

Enn er brýnt að nokkur aðildarfélög HSS uppfæri Felix reglulega hvað varðar félagatal og iðkendafjölda. Rétt skráning er lykilatriði til að hægt sé að fylgjast með þróun íþróttaiðkunar á starfssvæði HSS. Þá tekur lottóúthlutun einnig mið af skráningu félaga í Felix og því enn mikilvægara að hún sé sem réttust.

Síðast en ekki síst vill framkvæmdastjóri viðra þá skoðun sína að nauðsynlegt sé að taka til ítarlegrar skoðunar málefni aðildarfélaganna sem halda ekki úti virkri starfsemi. Eitt aðildarfélagið hefur ekki haldið aðalfund síðan árið 2007 og annað sendir keppendur á mót undir merkjum annars aðildarfélags. Stjórn HSS verður að taka málið í sínar hendur í góðu samstarfi við þessi félög.

Arnar S. Jónsson vildi þakka stjórn HSS kærlega fyrir góð samskipti og samvinnu í gegnum tíðina. Einnig fengu formenn aðildarfélaganna góðar þakkir og allt það fólk sem starfar innan íþróttahreyfingarinnar og hefur komið að starfi HSS á einn eða annan hátt á árinu. Hann var þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa innan raða HSS og óskaði sambandinu alls góðs í framtíðinni.

Vignir Örn formaður bætti við að hann hefði áhyggjum af því að Standabyggð væri ekki búin að ráða tómsfundafulltrúa og að ekki væri búið að ganga frá samningi um framkvæmdastjórastöðuna og kennir þar um áhugaleysi að hálfu aðila sveitarfélagsins. Vignir bætir við að styrkur fengist hafi frá UMFÍ til að hefja skráningu á afrekaskrá væri komið í góðan farveg en þarf að klára eftir að Arnar er farinn. Jafnframt að framkvæmdastjóri þurfi að vera aðildarfélagunum innan handar við að vinna inni á Felix þar sem kerfið getur verið flókið og þungt í vöfum. Formaður þakkaði Arnari S. Jónssyni gott starf.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga, skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra.

Vignir Örn formaður steig í pontu bætti við að láðist hafi að geta í skýrslu stjórnar að stjórn HSS hafi ákveðið að sækja aftur um að halda landsmót 50+ árið 2015.

Ingimundur Pálsson bætti við úti í sal að stemmningin á landsmóti 50+ hafi verið mun betri á litlum stað en í stóru sveitarfélagi.

Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri hrósar gjaldkera fyrir vel unnin störf.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra samþykktar með einu hljóði.

7. Ávarp gesta

Fundarstjóri bauð gestum þingsins að ávarpa þingið.

Gunnlaugur Júlíusson frá ÍSÍ steig í pontu og skilaði kveðju frá Líneyju Rut Halldórsdóttur og Höllu Kjartansdóttur. Gunnlaugur talaði um störf ÍSÍ, m.a. um Afrekshöll ÍSÍ og aðgengi fatlaðra. Hann upplýsti fulltrúa um Sjálfboðaliðavef sem er inni á vef ÍSÍ og er tæki til að nota til að leita til sveitafélaganna um styrki og samstarf. Skráningarvefur yfir störf innan félagastarfsins yfir tíma í sjálfboðavinnu til að geta haldið starfið gangandi og geta lagt það fram til sveitafélaganna þegar verið er að leita til þeirra um fjármál o.fl. Lottótekjur mikilvægar þar sem sótt er í þessar tekjur af aðilum á vegum lista- og menningavegum. Mikilvægt að þessar tekjur skerðist ekki og dreifist á fleiri aðila. Ferðasjóðurinn kemur til móts við mikinn ferðakostnað fyrir fólk af landsbyggðinni, barátta ÍSÍ við stjórnvöld að halda þessum sjóð gangandi. Almenningshlaup er annað stærsta starfið innan ÍSÍ, sem sýnir að vinsældir almenningsíþróttu eru að aukast. Halla er alltaf tilbúin að hjálpa til við Felix kerfið. Gunnlaugur veitir Aðalbjörgu Óskarsdóttur silfurmerki ÍSÍ fyrir gott starf innan íþróttahreyfingarinnar.

Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ steig í pontu og skilaði góðri kveðju frá Helgu Guðjónsdóttur formanni UMFÍ. Sæmundur fór yfir störf UMFÍ. Þórdís Gísladóttir gerði mastersritgerð um sjálfboðaliðastarf innan UMFÍ, sem telur um 16 – 17 þúsund ársverk, sem sýnir hve gífulega mikilvægt starf fer fram innan hreyfingarinnar. Sæmundur lýsti yfir ánægju sinni með sjálfboðaliðavef ÍSÍ. Hann talaði um Landsmótssumar UMFÍ sem framundan er; Landsmót 50+ í Vík í Mýrdal, Unglingalandsmót í Höfn í Hornafirði og Landsmót á Selfossi. Jafnframt hvatti Sæmundur fulltrúa til að nýta sér þjónustumiðstöð UMFÍ á Sauðárkróki. Í lokin hvatti Sæmundur HSS að halda áfram samstarfi við sveitafélögin.

8. Kosning nefnda

Fundarstjóri gaf Vigni formanni orðið til að bera upp tillögu stjórnar um skiptingu í uppstillingarnefnd, fjárhagsnefnd, íþróttarnefnd og allsherjar- og laganefnd.

Uppstillingarnefnd

Óskar Torfason formaður
Vignir Örn Pálsson
Rósmundur Númason
Ingimar Sigurðsson
Árný Huld Haraldsdóttir

Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Newton formaður
Ingimundur Pálsson
Jóhann Áskell Gunnarsson

Allsherjar- og laganefnd

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir formaður
Birna Richardsdóttir
Gunnar Daðason
Guðrún Margrét Jökulsdóttir

Íþróttarnefnd

Aðalbjörg Óskarsdóttir formaður
Hrefna Guðmundsdóttir
Jóhann Lárus Jónsson
Guðbjörg Hauksdóttir
Ingvar Bjarnason
Hilmar Hermannsson
Ragnar Bragason
Margrét Ólöf Bjarnadóttir
Harpa Óskarsdóttir
Guðbrandur Óli Albertsson
Númi Leó Rósmundsson

Tillaga um nefndir samþykkt samhljóða.

9. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

Þorsteinn Newton tók til máls og lagði fram rekstraráætlun sem lögð var fyrir fjárhagsnefnd.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til fjárlaganefndar.

Vignir tók til máls og lagði fram tvær tillögur frá stjórn og framkvæmdastjóra HSS:

Tillaga: „66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl samþykkir breytingu á reglugerð fyrir sérverkefnasjóð HSS.“

Greinargerð: Stjórn HSS telur að skýra megi reglurnar við úthlutun úr sérverkefnasjóði og lagði Vignir til að tillagan yrði lögð fyrir allsherjar- og laganefnd til umsagnar.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til allsherjar- og laganefndar.

Tillaga: „66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl samþykkir að starfsskýrslur aðildarféлага verði lokið fyrir 1. apríl. Annars fá félög ekki greitt lottófé.“

Greinargerð: Stjórn HSS telur að aðildarfélag eigi að geta staðið að skilum á reikningum og skýrslum inn á Felix fyrr, eða 1. apríl, í stað 15. apríl eins og er nú. Með því gefst gjaldkera HSS meira svigrúm til að vinna að gerð ársreiknings og að greiða úr Lottósjóði. Núverandi

tímasetning sé í raun allt of seint og að sögn starfsmanna UMFÍ megi HSS ekki greiða út Lottógreiðslur til aðildafélaga ef skýrslur hafi ekki borist fyrir tiltekinn tíma. Vignir lagði til að tillagan yrði lögð fyrir allsherjar- og laganefnd.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til allsherjar- og laganefndar.

Fundarstjóri leggur til að drög að mótaskrá sumarsins 2013 verði lögð fyrir íþróttanefnd. Jafnframt að samstarfisverkefnið SamVest verði kynnt fyrir fulltrúum þeirrar nefndar.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til íþróttanefndar.

10. Nefndarstörf

Nú tóku nefndir til starfa auk þess sem gert var kaffihlé. Gæddu þingfulltrúar og gestir sér á gómsætum og glæsilegum veitingum frá Ungmennafélaginu Hvöt.

Vignir Pálsson tók nú til máls og lýsti kjöri efnilegasta íþróttamanns ársins og íþróttamanns ársins hjá HSS.

Efnilegasti íþróttamaður HSS árið 2012:

1. sæti: Harpa Óskarsdóttir
2. sæti: Númi Leó Rósmundsson
3. sæti: Jamison Ólafur Johnson
4. sæti: Brandís Ösp Ragnarsdóttir

Íþróttamaður HSS árið 2012:

1. sæti: Birkir Þór Stefánsson
2. sæti: Rósmundur Númason
3. sæti: Ragnar Bragason
4. sæti: Hadda Borg Björnsdóttir

Harpa og Birkir Þór tóku við viðurkenningum sínum undir lófataki allra viðstaddra.

11. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur

Fundarstjóri bauð nú nefndum að skýra frá vinnu sinni og tillögum. Fyrst í pontu var Þorsteinn Newton fyrir fjarhagsnefnd.

Fjarhagsnefnd

Þorsteinn Newton kom í pontu og lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2013. Gert er ráð fyrir endurnýjun á tölvubúnaði fyrir um 150.000 kr. og gerir áætlun ráð fyrir 208.658 kr tapi á árinu.

Tillaga um rekstraráætlun samþykkt samhljóða.

Allsherjar- og laganefnd

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir formaður allsherjar- og laganefndar steig í pontu og gerði grein fyrir tveimur tillögum frá henni.

1) Tillaga að breytingu á reglugerð fyrir sérverkefnasjóð HSS:

„66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl samþykkir breytingu á reglugerð fyrir sérverkefnasjóð HSS:

1. Í sérverkefnasjóð fer 10% af innkomu fé frá Lottói.
Sjóðurinn er lagður á sérreikning og vextir leggjast við höfuðstól.
2. Félög geta sótt um til HSS fyrir 15. apríl ár hvert.
Með umsókn fylgi greinargerð með fjárhagsáætlun *ásamt tímaramma*. Stjórnin tilkynni félögum fyrir 7. maí um afgreiðslu málsins. *Fulltrúi stjórnar taki verkið út áður en greitt er úr sérsjóðnum eða lagt er fram fullnægjandi gögn.*
3. [sleppt úr og bætt nýju við] *Ef félag hafi ekki hafið framkvæmdir fyrir 15. apríl næsta ár, þarf félag að endurnýja umsóknina.*
4. Forgangsverkefni væri að bæta ípróttaaðstöðu á svæðinu. Og veita til annarra verkefna svo sem þjálfunar, óvæntra áfalla, ferðakostnaðar á mót sem HSS fer ekki á, nýjungar í starfi og fleira.“

Árný H. Haraldsdóttir kom með fyrirspurn út í hvort ekki sé hægt að fá greitt úr sjóðnum til að fjármagna verkefni áður en hafist er handa en ekki að verki loknu. Þorsteinn Newton gjaldkeri svarar að venjan hafi verið að greitt hafi verið út eftir að stjórnin fái kvittanir eða staðfestingu á pöntunum. Eftir nokkra umræðu eru fulltrúar þingsins sammála um að tillagan um að „*fulltrúi stjórnar taki verkið út og að lögð verði fram fullnægjandi gögn*“ eigi að sýna fram á að hægt sé að greiða út úr sérsjóðnum við fjármögnun verksins en jafnframt að liður 3 sem tekinn var út ætti enn við þar sem félög geta fengið greitt út áður en verki er lokið, því ætti að hafa lið 3 inni áfram ásamt viðbótinni.

Nú var gengið til atkvæða um breytingu á tillögunni eftir áorðnar og samþykktar breytingar. Eftir breytingar var tillagan eins og hér segir:

„66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl samþykkir breytingu á reglugerð fyrir sérverkefnasjóð HSS:

1. Í sérverkefnasjóð fer 10% af innkomu fé frá Lottói.
Sjóðurinn er lagður á sérreikning og vextir leggjast við höfuðstól.
2. Félög geta sótt um til HSS fyrir 15. apríl ár hvert.
Með umsókn fylgi greinargerð með fjárhagsáætlun *ásamt tímaramma*. Stjórnin tilkynni félögum fyrir 7. maí um afgreiðslu málsins. *Fulltrúi stjórnar taki verkið út áður en greitt er úr sérsjóðnum eða lagt er fram fullnægjandi gögn.*

3. Ef féð verður ekki notað til verkefna sem sótt er um verður félagið að endurgreiða féð innan fjögurra mánaða frá áætluðum framkvæmdartíma.
Ef félag hafi ekki hafið framkvæmdir fyrir 15. apríl næsta ár, þarf félag að endurnýja umsóknina.
4. Forgangsverkefni væri að bæta íþróttaaðstöðu á svæðinu. Og veita til annarra verkefna svo sem þjálfunar, óvæntra áfalla, ferðakostnaðar á mót sem HSS fer ekki á, nýjungar í starfi og fleira.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

- 2) **Allsherjar- og laganefnd lagði fram óbreytta tillögu frá stjórn HSS:** „66. ársþing HSS haldið á Sævangi þriðjudaginn 30. apríl samþykkir að starfsskýrslur aðildarfélaga verði lokið fyrir 1. apríl. Annars fá félög ekki greitt lottófé.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Íþróttanefnd

Aðalbjörg Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar lagði fram tillögu að mótadagskrá sumarsins frá íþróttanefnd.

Tillaga að mótadagskrá sumarsins 2013:

- 20. júní Götuhlaup HSS á Hólmavík
- 29. júní Polla- og þæjumót á Skeljavíkurgundum
- 13. júlí Héraðsmót HSS á Sævangi
- 10. ágúst Þrípraug HSS á Hólmavík
- 11. ágúst Sundmót HSS á Hólmavík
- 18. ágúst Barnamót í frjálsum íþróttum í Árnesi
- 29. ágúst Göngudagur fjölskyldunnar

Eftir nokkrar umræður í sal er dagskráin samþykkt samhljóða.

Uppstillingarnefnd

Óskar Torfason formaður uppstillingarnefndar fór yfir tillögur um skipan í ráð og nefndir.

Stjórnir, ráð og nefndir

Þá var borin fram tillaga um uppstillingu á stjórn HSS sem er öll reiðubúin til að sitja áfram fyrir utan Aðalbjörgu Óskarsdóttur. Aðalmenn í stjórn samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar væru Vignir Örn Pálsson, Þorsteinn Newton, Rósmundur Númason, Hrafnhildur

Þorsteinsdóttir og Guðbjörg Hauksdóttir. Varamenn væru Óskar Torfason, Bjarnheiður Júlía Fossdal og Birna Richardsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða með lófataki.

Þá bar Óskar fram eftirfarandi tillögu að skipan í ráð og nefndir:

Körfuboltaráð:

Jóhanna Rósmundsdóttir

Bjarki Hólm Guðlaugsson

Ragnar Bragason

Til vara:

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir

Björn Torfason

Tillagan samþykkt samhljóða

Frjálsíþróttaráð:

Viktoría Ólafsdóttir

Jóhann L. Jónsson

Birna Ingimarsdóttir

Til vara:

Bryndís Sveinsdóttir

Bjarnheiður Fossdal

Tillagan samþykkt samhljóða

Sundráð:

Guðbjörg Hauksdóttir

Hafdís Baldursdóttir

Sigurður Marinó Þorvaldsson

Til vara:

Helga L. Arngrímsdóttir

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða

Knattspyrnuráð:

Halldór Logi Friðgeirsson

Jón Eðvald Halldórsson

Hrefna Guðmundsdóttir

Til vara:

Róbert Hlífar Ingólfsson

Sölvi Baldursson

Tillagan samþykkt samhljóða

Unglingalandsmótsnefnd:

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir

Guðbjörg Hauksdóttir

Ragnar Bragason

Tillagan samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn reikninga:

Þorsteinn Sigfússon

Ingimundur Pálsson

Til vara:

Signý Ólafsdóttir

Ólafur Ingimundarson

Tillagan samþykkt samhljóða

12. Önnur mál

Fundarstjóri gaf nú orðið laust.

Ingimar Sigurðsson steig upp í pontu og upplýsti félagsmenn um að Umf. Harpa hefur sagt sig úr HSS og sótt um aðild að USVH þar sem sveitafélög hafa sameinast þeim megin við Húnaflóann og íþróttastarf þar af leiðandi. Ingimar þakkaði samstarfið á liðnum árum og hlakkar til áframhaldandi samstarfs í gegnum USVH.

Vignir Örn steig í pontu þakkaði Ingimar hlý orð.

Aðalbjörg Óskarsdóttir bað um orðið og þakkaði fyrir árin 10 sem hún hefur starfað fyrir sambandið.

Vignir Örn afhenti Umf. Geislanum UMFÍ-bikarinn fyrir vel unnin störf á árinu með ósk um að starf hans eflist enn frekar. Árný Huld Haraldsdóttir formaður tók við bikarnum fyrir hönd félagsins.

Gunnlaugur Júlíusson bað um orðið og þakkaði fyrir sig. Hann gaf öllum fulltrúum á þinginu bók eftir hann.

14. Þingslit.

Vignir Örn Pálsson tók til máls og þakkaði starfsmönnum þingsins, riturum og fundarstjóra kærlega fyrir komuna auk þess sem hann þakkaði Tungusveitungum fyrir góðar móttökur og eigendum og starfsmanni Sævangs fyrir góðar veitingar. Þingfulltrúar klöppuðu duglega fyrir frábærum móttökum. Vignir sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Þingi slitið um kl. 23

*Fundargjörð rituð af Hrafnhildi Þorsteinsdóttur
og Aðalbjörg Óskarsdóttur,
hreinskrifuð í tölvu af Hrafnhildi Þorsteinsdóttur.*